# Deiliskipulag fyrir klapparnámu í landi Bjarghúsa

## Loftmynd sem sýnir staðsetningu deiliskipulagssvæðisins í mælikvarða 1: 20000




Deiliskipulagið nær yfir u.þ.b. 12.000 fermetra af óbyggðu svæði úr landi Bjarghúsa ( Lóðanúmer 144519 ) . Náman er á endanum á litlum fjallshrygg sem hallar niður til norðurs og er í u.þ.b. 70 m hæð yfir sjávar máli.

**Greinargerð**

Fyrirhugað efnistökusvæði er í fellsenda sem liggur frá suðri til norðurs, svokölluðu Tagli, í landi Bjarghúsa í Húnaþingi vestra. Náman er fast sunnan og austan Síðuvegar 716. Tilgangur efnisvinnslunnar er framleiðsla steinefna í yfirlagnir klæðinga.

**Aðalskipulag**

Hluti úr gildandi aðalskipulagi er sýndur upp í hægra horni hér á uppdrættinum en nýtt aðalskipulag fyrir Húnaþing vestra 2014-2025 sem er í vinnslu gerir ráð fyrir námunni á umræddum stað.

**Aðstæður á námusvæðinu**

Náman er í klettarana nyrst í fellsendanum. Bergmyndunin sem tilheyrir yngri grágrýtismynduninni, er yngri en 0,8 milljón ára, og samanstendur af kubbabergi, stuðlabergi og móbergi.
Brún klettaranans er allskörp að vestan og hækkar til suðurs. Þarna liggur Síðuvegur í sneiðingi undir klettaveggnum. Austan við er brúnin mun lægri og tekur þar við flatt mólendi. Girðing liggur suður-norður meðfram fyrirhuguðu svæði.
Stór hluti svæðisins er gróinn, þ.e. land er mosavaxið og/eða meðþunnri gróðurslikju. Efst og nyrst er þýft mólendi. Moldarlagið á yfirborði er misþykkt, allt frá 0,4 m og upp í 1,5 m. Moldarlagið þykknar til austurs.

**Tilhögun efnisvinnslunnar**

Efnisvinnslan er fyrirhuguð í kubbaberg og stuðlaberg. Inn á milli er móberg. Misdjúpt er niður á móbergið, en vinnsluhæft berg fer hækkandi til suðurs. Gert er ráð fyrir að aðkoma að efnisvinnslusvæðinu verði af Síðuvegi að norðan. Þaðan verður skorið lárétt inn til suðurs í hæðarkóta 64 m, um 200 m. Austurmörk námunnar verða við núverandi girðingu og verður skorið flatt út úr landinu í brekkuna vestan við. Að austan verður lóðrétt stál sem verður tiltölulega lágt nyrst en fer hækkandi til suðurs.
Norðan við þennan lárétta hluta svæðisins, sem verður að hluta vinnsluplan, fer bjargbrúnin að vestan allskarpt hækkandi og verður skilinn eftir óraskaður kambur innan við hana. Klettabeltið austan vegar norðan Bjarghúsa verður þannig látið með öllu óraskað.
Efstu 2,0 metrarnir í norðurhluta svæðisins nýtast ekki í efnisvinnsluna þar sem klöppin er sprungin og ofanáliggjandi mold hefur náð að smitast ofaní klöppina. Fyrirhugað efnistöku og athafnasvæði er um 12.000 $m_2$ að flatarmáli. Af 24.000 $m_3$ heildarefnistöku er gert ráð fyrir að um 20.000 $m_3$ sé nýtanleg klöpp.
Lárétti hluti námubotsins suður frá Síðuvegi er hugsaður sem vinnsluplan og stæði undir efnishauga. Til viðbótar þarf að gera plan milli vegar og námusvæðis. Efni sem reynist ónothæft til vinnslu verður að því leyti sem það nýtist ekki til fyllingar á vinnsluplani og til frágangs námunnar, notað til öryggisaðgerða utan í fláum Síðuvegar næst námunni.

**Vinnslutími**

Áætlað er að náman verði í notkun um 20 ára skeið.

**Frágangur námunnar**

Þegar efnisvinnslu hefur endanlega verið hætt verður gengið frá röskuðu svæði. Planið næst Síðuvegi og auk þess tenging inn í námuna verður fjarlægt í lok vinnslunnar . Brúnir lóðréttra veggja að austan verða rúnaðar af. Haugar ónothæfs efnis verða jafnaðir út yfir námubotninn og mold sem fyrir hendi verður jöfnuð í a.m.k. 30 sm lagi yfir raskað land. Sáð verður og borið á allt svæðið. Hagað verður svo til að vatnsuppistaða verði hvergi á svæðinu og leysingarvatn renni norður úr efnistökulægðinni í núverandi ræsi undir Síðuveg norðan námunnar. Að loknum frágangi mun núverandi ásýnd landsins hafa breyst aðeins að því leyti að austan frá mun sjást um 5 m hár og 30 m langur lóðréttur hamraveggur. Séð suðvestan frá, af veginum við Bjarghús, mun núverandi sýn til hamrabeltisins ofan vegarins haldast óbreytt, nema brekkubrúnin allra nyrst verður um 5 m lægri en nú. Af mjög stuttum kafla á Síðuvegi beint norðan námunnar mun sjá inn í lægðina sem efnistakan mun skilja eftir sig.

## Deiliskipulag í mælikvarða 1: 5000







Gróður/berg
Skipulagssvæði
Landamerki
Girðing
Lóðanúmer
Sniðnafn
Hæðalínur
Plan og aðkoma
Hnitapunktanúmer

## Snið í mælikvarða 1:2500

### Þversnið A - B




### Þversnið C - D




### Langsnið E - F




## Hnitaskrá fyrir deiliskipulagssvæðið

Hnitpunktar:

| PKT | E | N | H |
|---|---|---|---|
| 1 | 422796 | 549809 | 64.50 |
| 2 | 422765 | 549808 | 64.50 |
| 3 | 422731 | 549787 | 64.50 |
| 4 | 422737 | 549772 | 64.50 |
| 5 | 422666 | 549675 | 64.50 |
| 6 | 422669 | 549661 | 65.56 |
| 7 | 422648 | 549627 | 69.60 |
| 8 | 422675 | 549610 | 69.60 |

Hnitakerfi: Isnet93
Hæðarkerfi: Landshæðarkefi Íslands ISH2004




## Hluti af aðalskipulagi Húnaþings vestra, 2014 til 2026

Deiliskipulag þetta, sem fengið hefur meðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123 / 2010 og var samþykkt:

í skipulagsnefnd þann____________________ 201__.

í sveitastjórn þann ____________________ 201__.

Tillagan var auglýst frá____________________201__.

til____________________________________201__.

með athugasemdafresti til__________________ 201__.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild

stjórnartíðinda þann______________________ 201__.


HUGHRIF ehf

HÖNNUN - SKIPULAG - RÁÐGJÖF

LAUGARVEGI 168 TEL: +354 6919115
105 REYKJAVÍK TEL: +354 5513107
ICELAND tolli@hughrif.is

ÞORLEIFUR EGGERTSSON ARKIT FAÍ. KT: 040163-4849


VERK
Deiliskipulag fyrir klappanámu í landi Bjarghúsa í Húnaþingi vestra

TEIKNING
Deiliskipulag

KVARÐI
1:100000, 1:20000, 1:5000 og 1: 2500

DAGS.
30.01..2014

TEIKNING NR.
A01-01

TEIKNAÐ AF
Þorleifi Eggertssyni